

ÍSLENSKUR LEIR Í SJÖTÍU ÁR

Ari Trausti Guðmundsson (2010)

Í framhaldi af góðu framtaki hönnuða og leirlistarfólks við gerð nýs leirpotts úr íslenskum jarðleir er ekki úr vegi að bæta fróðleik við umfjöllun Fréttablaðsins um leirinn og notkun hans.

Þrenns konar leir

Íslenskur leir er af þremur gjörólíkum gerðum. Í einn stað finnst hér svokallaður ísaldarleir. Með því er átt við mjög fínulið berg sem berst undan jöklum og þeir mynda með því að sverfa berggrunn. Efnid dreifist aðallega með vatni frá jöklunum (í jökulám) og sest til, mest í sjó eða stöðvötnum. Víða blandast í leirinn svolítið grófari mylsna (silt) eða sandur og geta leirlagasyrþurnar orðið þykkar. Eðli máls samkvæmt er mest af þessum leir hér á landi frá síðasta jökulskeiði Ísaldar og frá upphafi nútíma, eða 8.000 til 110.000 ára gamall. Svona lög eru til dæmis vel þekkt við innanverðan Breiðafjörð þar sem leirinn í leirpottinn fyrrnefnda er tekinn. Svipaðan leir er að finna t.d. á Norðurlöndum og sá danski mótunarleir sem hingað hefur verið fluttur er þessarar gerðar. Áður en leirinn er nothæfur þarf að hreinsa úr honum grófa efnið með vélbúnaði, endurhnoða hann og jafnvel blanda í hann öðrum leirgerðum, allt eftir því til hvers á að nota efnið.

Í annan stað er víða til leir á háhitasvæðum. Hann verður til við eins konar „endurvinnslu“ á berggrunninum og kallast iðulega hveraleir. Sú jarðhitavökvi, súrt vatn og gufa, ásamt uppleystum efnum í vökvanum, veldur efnabreytingum í berginu. Frumsteindir (steintegundir) bergsins breytast í nýjar steindir (leirsteindir), bergið morknar og verður að leðju. Þannig myndast nokkrar hveraleirtegundir með ólíkum eiginleikum og hlaðast oftast lítið aðgreindar upp á hverasvæðum. Ein tegundin er kaólín eða postulínsleir, en hún er reyndar sjaldgæf hér á landi. Þriðji leirtegundaflokkurinn verður til við venjulega efnaveðrun í jarðvegi og yst í berginu undir jarðveginum, í svölu loftslagi Íslands. Slíkur leir hér á landi nýtist ekki í iðnaði eða listhönnun.

Rannsóknir og fyrsta leirmunagerðin

Fyrir rúmum 70 árum ferðaðist myndlistarmaðurinn Guðmundur Einarsson (kenndur við Miðdal í Mosfellssveit) um allt land við annan mann til þess að leita að og kanna útbreiðslu nýtilegs leirs og annarra jarðefna, fyrst á eigin vegum en svo á vegum stjórnvalda. Sýni úr þessum leiðöngrum og dagbækur ásamt þrífum, t.d. af brenndum leir og postulíni, unnum erlendis, gaf fjölskylda Guðmundar til vörslu hjá þáverandi löntæknistofnun. Sýnin virðast því miður hafa glatast en dagbækur og kortin fundust.

Nothæfur leir fannst á nokkrum stöðum. Guðmundur stofnaði leirmunagerðina Listvinahús 1927 og hóf framleiðslu söluhæfra leirlistarmuna í Skólavörðuholtinu

1929-1930. Einar sonur hann tók svo við fyrirtækinu og það starfar enn og nú í eigu þriðja ættliðar (Guðmundar Einarssonar). Guðmundur frá Miðdal, kona hans Lydia, Einar og aðrir starfsmenn, m.a. Sveinn bróðir Guðmundar og Baldur Ásgeirsson, unnu jafnt stytur, ýmsa skrautmuni sem nytjamuni. Allt að 12 til 15 manns störfuðu við Listvinahúsið þegar mest var umleikis.

Íslenskur mótunarleir

Hráefnið í Listvinahúsinu var íslenskur leir en glerungurinn ýmist þýskur eða danskur. Fyrirtækið flutti inn vélar til að vinna leirinn notkunarhæfan og tilraunir Guðmundar sýndu að blanda ísaldarleirs frá Búðardal og hveraleirs, einkum af Reykjanesi, hentaði ágætlega. Einnig var tekinn ísaldarleir skammt frá Elliðavogi í Reykjavík og í stóra leirmuni var notuð fyrrnefnd leirblanda og innfluttur, eldfastur leir settur út í hana. Íslenskur mótunarleir var þannig notaður í rúm 30 ár og þá allt að tugum tonna árlega þegar best lét. Umsvif fyrirtækisins minnkuðu loks og húsnæði leirvinnslunnar í Fossvogi var orðið lélegt og varð brátt að víkja. Notkun vélanna var hætt upp úr 1960 og innfluttur leir fenginn í framleiðsluna. Brautryðjandinn Guðmundur hugðist raunar framleiða margt annað, s.s. flísar, matarstell og blómapotta, en gjaldeyris- og innflutningshöft ásamt tregri lánafyrirgreiðslu og vantrú stjórnvalda á slíkri framleiðslu komu í veg fyrir stórhuga áætlanir um iðnað með innlendum jarðefnum.

Listvinahúsið á Skólavörðuholti var rífið skömmu fyrir 1970 til þess að rýna fyrir viðbyggingu við lönskólann. Þá fluttist leirmunagerðin í bakhús að Skólavörðustíg 43 þar sem Guðmundur hafði áður höggmyndavinnustofu sína en fjölskyldan bjó lengi í tveimur sambyggðum húsum úti við götuna og var annað þeirra vinnustofa og sýningarsalur.